

## 7. gr.

Brjótí einhver aðili ákvæði reglugerðar þessarar eða reglur, sem settar verða um umgengni og notkun íþróttahússins eða valdi skemmdum á því eða áhöldum þess, getur íþróttaráð svipt hann afnotarétti af húsinu um tiltekinn tíma og látið hann greiða skaðabætur.

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að tillögu íþróttaráðs Akureyrar samkvæmt íbróttalögum nr. 49 frá 7. apríl 1956, staðfestist hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

### um Íþróttaleikvang Akureyrar.

## 1. gr.

Íþróttaleikvangur Akureyrar er eign Akureyrarkaupstaðar. Skal hann rekinn sem sérstök stofnun.

## 2. gr.

Leikvanginn má eingöngu nota til íþróttaiðkana, íþróttasýninga og íþróttakeppni. Þó er heimilt að nota leikvanginn til hátíðahalda á vegum Akureyrarbæjar og við sérstök tækifæri, ef íþróttaráð samþykkir.

## 3. gr.

Íþróttaráð Akureyrar hefur umsjón með rekstri íþróttaleikvangsins, svo sem annarra íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar, undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar.

## 4. gr.

Íþróttaráð ákveður rekstrarfyrirkomulag leikvangsins s. s. starfsmannahald. Það ræður yfir sumarmánuðina vallarvörð, er m. a. annast um viðhald og hirðingu íþróttavallarins. Vallarvörður skal halda gerðabók um notkun vallarins. Íþróttaráð setur vallarverði erindisbréf, þar sem starfsskyldur hans verða nánar tilgreindar.

## 5. gr.

Íþróttaráð setur reglur um umgengni og notkun leikvangsins. Það tekur ákvörðun um allt meiri háttar viðhald vallarins og mannvirkja hans.

## 6. gr.

Íþróttaráð semur gjaldskrá um leigu leikvangsins til sýninga og keppni. Heimilt er að fella inn í gjaldskrána greiðslu til slysasjóðs íþróttabandalags Akureyrar.

## 7. gr.

Í umboði íþróttaráðs og samráði við vallarvörð skipar stjórn íþróttabandalags Akureyrar niður afnotum íþróttafélaga, stofnana og skóla af íþróttavellinum og íþróttavallarhúsinu. Einnig skipar stjórn Í. B. A. niður íþróttamótum á íþróttavellinum. Rísi ágreiningur um slíka niðurskipun, sker íþróttaráð úr.

## 8. gr.

Reikningsár íþróttaleikvangsins er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skal íþróttaráð hafa samið fjárhagsáætlun fyrir íþróttaleikvanginn fyrir næsta reikningsár og sent áætlunina bæjarráði.

Bæjargjaldkeri Akureyrar annast fjárreiður og bókhald leikvangsins og sér um gerð ársreikninga hans.

Íþróttafulltrúi bjarins sér um að standa bæjargjaldkera reglulega skil á tekjum leikvangsins eftir nánari reglum, sem íþróttaráð setur

Enga reikninga má greiða vegna leikvangsins, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun og/eða íþróttafulltrúi bjarins hafi samþykkt þá.

Um endurskoðun, samþykkt og birtingu ársreikninga leikvangsins fer með sama hætti og um reikninga bæjarsjóðs Akureyrar.

Senda skal íþróttanefnd ríkisins og stjórn Í. B. A. afrit af ársreikningum vallarins og greinargerð um notkun hans.

## 9. gr.

Brjótí einhver aðili ákvæði reglugerðar þessarar, eða reglur, sem settar verða samkvæmt henni, getur íþróttaráð svipt hann afnotarétti af leikvanginum um tiltekinn tíma. Valdi einhver aðili skemmdum á leikvanginum eða áhöldum hans, er honum skylt að bæta tjónið eftir almennum reglum.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að tillögu íþróttaráðs Akureyrar samkvæmt íþróttalögum nr. 49 frá 7. apríl 1956, staðfestist hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1964.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

**REGLUGERÐ****um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.**

## 1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

## 2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og hvers konar eftirlíkingu á tóbaksvörum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að álitu barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

## 3. gr.

Barnaverndarnefnd getur krafizt þess, að leiksýningar og myndir, sem ætlazt er til, að börnum og unglingum innan 16 ára aldurs sé seldur aðgangur að, séu sýndar nefndinni áður eða henni gefnar þær upplýsingar, er hún tekur gildar. Getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað að börn og unglingar fái aðgang að þeim.